

Forstöðumannaskýrsla

Leikskólinn Lækjarkreppa – Grunnskólinn á Hólumvík – Tónskólinn á Hólumvík

Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir

Apríl 2021

Verkefni á frumstigi:

- Leikskólalóð, með tilliti til nauðsynlegra aðgerða og úrbóta vegna slæmra aðstæðna á lóðinni.

Verkefni í vinnslu:

- Auglýsingar apríl-maí.
- Skóladagatal 2021-2022, drög. Verða lögð fyrir fund skólaráðs í maí og fræðslunefndar í júní
- Deildarnámskrár leikskóla, eru í vinnslu í apríl- maí.
- Uppfærsla á heimasíðu leikskóla. Er í vinnslu apríl-maí.
- Starfsáætlun 2020-2021. Áætlanagerð

Verkefni á ársvísu:

- Stærðfræði með augum heimsins, verkefni með styrk úr sprotasjóði. Ársverkefni með verkefnastjórn. *Unnið í fjarfundum.*
- Umbótaáætlun í kjölfar úttektar MMS. Skýrslugerð

Verkefnum lokið:

- Skólalöng – Nafn, gildi/einkunnarorð, sýn og stefna sameinaðs skóla. Skólalöng nemenda, foreldra, starfsfólks og annarra áhugasamra um skólamáli í Strandabyggð 29.apríl. Öllum framkomnum hugmyndum og tillögum vísað til fundar skóla- og foreldraráðs í maí og fræðslunefndar í júní.
- Starfsmannasamtöl í mars-apríl um 25 fundir. Árvisst samtal skólastjóra við hvern og einn starfsmann.
- Galdraskóli, samstarfsverkefni með Galdrasýningu á Ströndum, Grunnskólanum á Drangnesi og Reykhólaskóla, verkefni styrkt af Barnamenningsráði. **Frestað til hausts 2021**
- Innleiðing styttri vinnuviku starfsfólks leikskóla og annars starfsfólks sem það á við í samræmi við gerðan vinnustaðasamning og útfærslu hvers starfsmanns. Samningum lokið. Tengja samninga og útfærslu við gerð ráðningarsamnings. Komið í ferli.

Starfsstöð: Tómsfundasvið

Nafn forstöðumanns/starfsmanns: Esther Ösp

Tímabil: 1.- 30.apríl

1. Verkefni í undirbúningi:

- Vorferð Ozon
- Hamingjudagar 25.-27. júní
- Sumarnámskeið: Kynning og skráning á fjölbreytt úrval tómsfundatilboða.

2. Verkefni í vinnslu:

- Fæðingarorlof í lok apríl til loka maí
- Umsókn í ungmennaskipti hjá Erasmus+
- Þjónustukönnun um félagsstarf eldri borgara (svör komin, úrvinnsla eftir)
- Hátíðarbærinn Hólmavík. Skipulag næstu hátíða og kynning
- Bæting aðstöðu í Ozon/Fjósi.
- Reglulegir viðburðir svo sem opnanir í Ozon, kynheilbrigðiskennsla og foreldramorgnar, fundir með Samfés og annað slíkt

3. Verkefnum lokið:

- Ungmennæping í apríl
- Styrkumsóknir til Félagsmálaráðuneytis o.fl.
- Félagsfærniátak á miðstigi
- Samvest. Söngkeppni félagsmiðstöðva á Vesturlandi
- Galakvöld í Ozon
- Þátttaka í ráðstefnunni Íslenskar æskulýðsrannsóknir

4. Annað;

- Einn hópanna í kynheilbrigði sem tók þátt í hugverkakeppni JAKI sigraði og von er á verlaunum og viðurkenningu.
- Styrkur hlaust úr Félagsmálaráðuneytinu til bættrar aðstöðu fyrir tómsfundastarf edri borgara.
- Styrkur hlust frá Orkubúi Vestfjarða fyrir áframhaldandi samstarfi við félagsmiðstöðina á Reykhólum.

Starfsstöð:Áhaldahús/höfn

Nafn forstöðumanns/starfsmanns: Sigurður Þorvaldsson/Sverrir Guðbrandsson

Tímabil: apríl 2021

Verkefni í undirbúningi:

- Undirbúningur sumars

Verkefni í vinnslu:

- Viðgerð á myndavélakerfi hafnar rakatjón
- Umhirða og lagfæring áhalda
- Skönnun teikninga sem til eru hjá sveitarfélaginu og flokka þær
- Skipta um gler í afgreiðslu íþróttarmiðstöð
- Verktaki kemur í þekju á bryggju

Verkefnum lokið:

- Hitatúpulagfæring í Lækjartúni 16
- Hitatúpuskipti á Hafnarbraut 25
- Tilraunaholur í Branskjólum vegna aðalskipulags

Annað:

Önnur föst verkefni fyrir deildir sveitarfélagsins tekið rusl farið með pakka, farið með mat, fylgst með vatnsnotkun og dælum vatnsveitu, vigtað úr bátum Eins eru mörg önnur smáverk

Salbjörg Engilbertsdóttir skrifstofustjóri

Apríl

Verkefni í vinnslu:

- Skjalageymsla, pökkun og skil til skjalavörslu. Skönnun samninga og vistun í skjalakerfi
- Ársuppgjör, leiðréttingar og afstemmingar 2020.
- Gagnaskil til KPMG v. ársreiknings og endurskoðunarvinnu.
- Færsla bókhalds í mars og útsendingar til forstöðumanna.
- Endanleg skil á útfærslum á styttingu vinnuvikunnar.
- Nýr heimabanki Sparisjóðsins, breytingar í kerfum vegna þess og endalaus samskipti við starfsmenn Sparisjóðsins vegna uppsetningar, villna og erfiðleika með notkun. Uppsetning bankans er ekki ásættanleg og skyndileg lokun án viðvarana á eldri heimabanka er óásættanleg. Ekki er ennþá hægt að senda launaseðla rafrænt og fleira. Til að auðvelda greiðslu reikninga nýti ég heimabanka okkar í Arion.
- Viðbrögð við breytingum á starfsmannahaldi.
- Samskipti daglega við sveitarstjórn til að upplýsa um stöðu verkefna og dagleg samskipti við starfsmenn, viðskiptavini og þjónustuþega.
- Fundir með forstöðumönnum vegna breytinga og skipulags

Félagsmálastjóri, apríl 2021

Nóg að gera í apríl eins og alltaf, auglýst eftir sumarstarfsfólki og breytingar í starfsmannamálum. Mikið um fundarhöld og hugað að starfsmannamálum fyrir sumarið.

Helstu verkefni

- Hjá félagsþjónustunni eru nokkur umfangsmikil einstaklingsmál sem þurfa stöðuga eftirfylgni og þar með sinn tíma en eru þó breytileg milli mánaða.
- Starfsmannamál hafa verið á dagskrá, sem endranær, þar sem nokkrar breytingar hafa verið að eiga sér stað í vetur.
- Reglur vegna covid-19 halda áfram að breytast og þarf að fylgja þeim eftir og skoða hvaða áhrif þær hafa á starfsemi félagsþjónustu.
- Öðrum verkefnum félagsþjónustunnar hefur enn fremur verið sinnt eftir því sem á hefur þurft að halda hverju sinni.
- Ýmis erindi og upplýsingar berast reglulega frá stjórnarsýslunni og það fer mikill tími í að sinna þeim.
- Reykhólar vikulega, yfirleitt á þriðjudögum, illa gengur að manna heimaþjónustu á Reykhólum og núna er starfsmaður á Hólmavík sem fær far með mér á Reykhóla og sinnir heimaþjónustunni þar einu sinni í viku.

Verkefni framundan

Skipulagning á sumarstarfi félagsþjónustunnar. Það á enn eftir að fá einhvern til að leysa mig af þegar ég fer í sumarfrí.

Það verkefni sem mestan tíma hefur fengið í aprílmánuði er að manna sumarstörf og afleysingar. Lítil viðbrögð hafa verið við auglýsingum og hefur mikill tími farið í að leita að starfsfólki. Takast mun að ráða í störf í Strandabyggð en útlit er fyrir að það takist ekki í Reykhólahreppi og þarf þar að finna aðrar lausnir.

Soffía Guðrún Guðmundsdóttir